

**Sp. 157. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]**  
um bættu nýtingu sjávaraflla.

Flm.: Gunnar R. Pétursson, Árni Gunnarsson, Ágúst Einarsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að athuga hve mikil brögð eru að því, að fiskvinnslufyrirtæki taki við fiski af fiskiskipum örar en vinnslugeta leyfir. Einnig verði hlutverk nefndarinnar að kanna að hve miklu leyti minnkandi gæði frystra afurða megi rekja til þess, að fiskurinn liggi óunninn í landi. Nefndin skal skila álitu um úrbætur og hafa í huga hvort möguleiki er á stjórnun á löndun afla, fyrst og fremst togara.

#### Greinargerð.

Gefa má gaum að orðum sjávarútvegsráðherra um, að á næsta ári megi reikna með 150 skrapdögum hjá togaraflotanum, og út frá því hafa í huga hvort nýting fiskiskipaflotans yrði ekki betri ef stjórnun fisklöndunar kæmi í stað fleiri fiskiskipa.

Þar eð löngu er viðurkennt að fiskiskipastóll landsmanna er orðinn nægilega stór og jafnvel of stór þykir flutningsmönnnum að það hljóti að vera þjóðhagslega hagkvæmt að auka nýtingu flotans og telja að aldrei megi koma fyrir að landburður af fiski á einstaka stað valdi því, að íslenskur fiskur glati þeim gæðastimpli sem hann hefur haft á erlendum markaði.